


Skýrsla um eyðingu dýraleifa



Skýrsla til landbúnaðarráðherra
apríl 2004

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur	1
2	Tilfallandi sláturúrgangur og meðferð hans	3
3	Lög og reglugerðir	5
3.1	Reglugerð Evrópusambandsins.....	5
3.2	Innlend lög og reglugerðir	5
4	Áhættuþættir og sjúkdómar	8
5	Starfandi sorpbrennslur, bræðslur og urðunarstaðir	10
6	Kostnaður vegna eyðingar sláturúrgangs	12
7	Niðurstöður nefndarinnar	13
7.1	Flokkun dýraleifa eftir áhættu.....	13
7.2	Ráðstöfun dýraleifa eftir áhættuflokkum	14
8	Tillögur nefndarinnar	16
8.1	Flokkun dýraleifa	16
8.2	Ráðstöfun dýraleifa.....	16
8.3	Uppbygging bræðslustöðva	16
8.4	Neyðaráætlun um urðun vegna niðurskurðar búfjár	16
8.5	Endurnýting og endurnotkun	16

1 Inngangur

Landbúnaðarráðherra skipaði nefnd í júlí sl. til þess að kanna meðferð sláturúrgangs og með hvaða hætti eyðing hans fer fram, með vísun til breyttra forsendna. Nefndinni var jafnframt falið að leggja fram tillögur um samræmdar úrlausnir á landinu öllu.

Í nefndinni sátu:

Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, formaður,

Sigurður Örn Hansson, aðstoðaryfirdýralæknir,

Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri í umhverfisráðuneytinu,

Davíð Egilson, forstjóri Umhverfisstofnunar,

Þórarinn E. Sveinsson, fulltrúi Bændasamtaka Íslands,

Guðmundur Svavarsson, framleiðslustjóri SS og

Ögmundur Einarsson, framkvæmdastjóri SORPU.

Þá var Kristjana Axelsdóttir í landbúnaðarráðuneytinu ritari nefnarinnar. Ennfremur starfaði Cornelis A Meyles sérfræðingur á Umhverfisstofnun með nefndinni og veitti henni margvíslegar upplýsingar.

Nefndin hélt alls 12 fundi, þar sem aflað var og unnið úr upplýsingum um eyðingu sláturúrgangs, smitsjúkdóma, viðeigandi innlend og erlend lög og reglugerðir og mögulegar leiðir við förgun sláturúrgangs.

Nefndin heimsótti Kjötmjölsverksmiðju Kjötmjöls ehf og kynnti sér starfsemi hennar. Torfi Áskelsson, framkvæmdastjóri Kjötmjöls, Þorvarður Hjaltason, stjórnarformaður og Valtýr Valtýsson stjórnarmaður ræddu við nefndina um rekstur verksmiðjunnar og framtíðarsýn.

Nefndin stóð fyrir málþingi um eyðingu dýraleifa þann 17. október s.l. þar sem boðið var aðilum úr stjórnsýslunni og helstu hagsmunaaðilum. Flutt voru erindi um almenna kynningu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 1774/2002 um meðhöndlun dýraleifa sem eru ekki ætlaðar til manneldis, hvernig reglugerðin kemur við fóðuriðnað og sjávarútveg en þær greinar þurfa að starfa eftir reglugerðinni, að hluta til. Fjallað var um eyðing dýraleifa séð frá sjónarhóli dýrasjúkdóma, umhverfisverndar, sveitafélaga, bænda og sláturleyfishafa og hvernig þessu er háttað í öðrum löndum. Málþingið veitti nefndarmönnum betri innsýn í málefnið og reyndist mikilvægur þáttur í upplýsingaöflun.

Jafnframt hitti nefndin þá Guðjón Guðmundsson og Aron Jóhannsson frá Sorpbrennslu Suðurnesja. Þeir kynntu fyrir nefndinni starfsemi Sorpbrennslunnar og rætt var um möguleika þess að taka við sláturúrgangi og dýrahraejum til brennslu.

Þá hafa einstakir nefndarmenn rætt við aðila sem gætu tengst framkvæmd málsins s.s. Sorpstöð Vestmannaeyja.

Reykjavík 30. apríl 2004

Ólafur Friðriksson
formaður

Ingimar Sigurðsson

Sigurður Örn Hansson

Davíð Egilson

Ögmundur Einarsson

Guðmundur Svavarsson

Þórarinn E. Sveinsson

2 Tilfallandi sláturúrgangur og meðferð hans

Starfandi sláturleyfishafar á landinu eru 15 talsins auk þess sem sem fjórir aðilar slátra alifuglum. Samtals er slátrað í 21 sláturhúsi. Sauðfé er slátrað í 11 sláturhúsum, nautgripum í 10 húsum, svínunum í 9 húsum, hrossum í 8 húsum og alifuglum í 4 sláturhúsum. Tafla 2-1 sýnir framleiðslu kjöts eftir sláturleyfishöfum fyrir árið 2003.

Tafla 2-1: Framleiðsla eftir sláturleyfishöfum árið 2003, í tonnum

<i>Heiti</i>	<i>Sauðfé</i>	<i>Svín</i>	<i>Nautgripir</i>	<i>Hross</i>	<i>Alifuglar</i>	<i>Samtals</i>
Sláturfélag Suðurlands	2.201	914	1.258	369		4.742
Brákasund ehf		232	171	10		413
Kf. Króksfjarðarnes	153		48			201
Kf. V-Húnvetninga	1.069		66	180		1.315
Söluf. A-Húnvetninga	1.039	24	253	98		1.414
Kf. Skagfirðinga	1.540	115	260	48		1.963
Norðlenska ehf	1.353	961	707	47		3.068
Sláturfélag Austurlands	8	13	0,2			21
B. Jensen ehf.		365	204	50		619
Ferskar afurðir ehf.	6		8	36		50
Dalalamb ehf.	230					230
Sláturfélagið Búbót svf	409	37	28			474
Sláturhús Hellu hf.		200	606	74		880
Síld og Fiskur ehf		840				840
Slf. Vopnfirðinga	283		16			299
Fjallalamb ehf	501					501
Stjörnugrís hf		2.504				2.504
Ísfugl					983	983
Móar					2.387	2.387
Íslandsfugl					242	242
Reykjagarður					1.669	1.669
Samtals:	8.792	6.205	3.625	912	5.281	24.815

Heimild: Landssamtök sláturleyfishafa

Nýting á skrokkum getur verið misjöfn eftir dýrategund og einstaklingum innan þeirra. Minna er nýtt af innmat og öðrum hliðarafurðum, en áður var, sem veldur því að hlutfall úrgangs frá sláturhúsum hefur aukist.

Umhverfisstofnun hefur áætlað að magn sláturúrgangs sem fellur til á landinu öllu sé um 16.000 tonn/ári. Þar af eru um 1.300 tonn nýtt, 8.700 tonn urðuð, tæplega

6.000 tonn fara í bræðslu og um 18 tonn í blautfóður. Óverulegt magn sláturúrgangs fer í brennslu. Samkvæmt gjaldskrá Sorpu er móttökugjald fyrir kjöt og sláturúrgang 11,77 kr./kg, án vsk. Kostnaður sláturleyfishafa við losun alls sláturúrgangs skv. gjaldskrá Sorpu væri því um 188 m.kr. Við það bætist kostnaður vegna flutninga að næstu móttökustöð.

Meirihluti þess sláturúrgangs sem urðaður er fær enga formeðhöndlun en slík meðhöndlun er talin flýta verulega fyrir rotnun. Til eru starfandi urðunarstaðir þar sem eingöngu sláturúrgangur hefur verið urðaður en annarsstaðar er sláturúrgangur urðaður með öðrum úrgangi. Rannsóknir Umhverfisstofnunar hafa sýnt að rotnun þar sem sláturúrgangur hefur verið urðaður er mjög hæg, þar er ekkert metangas að finna og í 30 ára gryfjum er enn að finna blóðvatn. Úrgangurinn er yfirleitt sem þykk súpa svo grunnvatnið nær ekki að honum og nánast engin úthynning á sér því stað. Urðun er í flestum tilfellum ódýrasti kosturinn við losun úrgangs. Gjaldskrá urðunarstaða er misjöfn og gefa sveitafélögin sjálf út sínar gjaldskrár. Nokkur sveitafélög hafa ekki gjaldskrá fyrir losun úrgangs frá fyrirtækjum og því er kostnaður sláturleyfishafa við losun úrgangs misjafn eftir því hvar fyrirtækið er staðsett.

Sláturúrgang má aldrei nota sem fóður fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis. Hann má nota í loðdýra- og gæludýrafóður, ef tryggt er að einungis sé unnið úr hættulitlum úrgangi.

Óvissa ríkir um langtímaáhrif þess að urða sláturúrgang, sérstaklega í ljósi þess hversu hæg rotnun hans virðist vera. Hringrás smitefna er ekki í öllum tilfellum þekkt og þar með er ekki vitað hvort urðaður úrgangur af sýktu búfé geti átt þátt í slíkri hringrás. Jafnframt ber að líta til þess að urðun á sláturúrgangi er almennt á undanhaldi í Evrópu.

Auk sláturúrgagns fellur til úrgangur frá kjötvinnslum og úrgangur vegna sjálf dauðra dýra eða jafnvel heilla dýrahjarða sem skornar eru niður í kjölfar búfjársjúkdóma. Sjálf dauð dýr, dýr sem felld eru vegna sjúkdóma eða aldurs (hestar, gæludýr) og riðufé er í sumum tilfellum urðað á búunum sjálfum eða á öðrum stöðum, án starfsleyfis, þar sem til skamms tíma var ekki annar farvegur fyrir ráðstöfun slíks úrgangs.

3 Lög og reglugerðir

3.1 Reglugerð Evrópusambandsins

Margar af nágrannabjóðum okkar hafa sett reglur um meðferð dýraleifa en fyrir Íslendinga eru reglur Evrópusambandsins mikilvægastar. Íslendingum ber að innleiða margar af reglum Evrópusambandsins vegna aðildar að EES samningnum auk þess sem flestar Evrópuþjóðir eru bundnar af þeim. Evrópusambandið setti reglugerð nr. 1774/2002/EB sem fjallar um söfnun, flutning, geymslu, meðhöndlun, vinnslu og eyðingu dýraleifa sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Íslendingum ber að taka reglugerðina upp hvað sjávarútveg og fódურიðnað varðar en ekki að öðru leiti.

Reglugerð nr. 1774/2003 er sett til að koma í veg fyrir hættu á sjúkdómum í dýrum eða mönnum af völdum dýraleifa, beint eða í gegnum umhverfið. Reglugerðin tekur einnig til markaðssetningar og útflutnings eða flutnings í gegnum ESB löndin. Í reglugerðinni eru dýraleifar flokkaðar í þrjá flokka:

- Flokkur 1: Dýraleifar sem skapa hættu á heilahrörnunarjúkdómum (TSE) eða óþekkta hættu eða hættu tengda meðhöndlun á ólöglegum efnum eða umhverfismengun.
- Flokkur 2: Dýraleifar sem skapa hættu tengda dýrasjúkdómum eða dýraleifar sem innihalda lyfjaleifar
- Flokkur 3: Dýraleifar af heilbrigðum skepnum að undangenginni lífdýraskoðun og kjötskoðun.

Í reglugerðinni er jafnframt sett bann við að endurvinnslu sjálfðauðra dýra og hráefns sem dæmt er óhæft til manneldis. Aðeins hráefni frá dýrum sem eru örugg til manneldis má fara í fæðu/fóðurkeðjuna. Vinnslan skal fara fram við hærri hitastig en áður og kveður reglugerðin á um að það skuli vera 133°C við 3 bara þrýsting í 20 mínútur. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir krossmengun við vinnsluna. Í reglugerðinni er einnig fjallað um nýja eyðingar- og notkunarmöguleika annars vegar eins og endurvinna dýraleifar t.d. með því að nýta sem orku og nota í lífrænum gasverksmiðjum til að framleiða gas og lífrænan áburð. Hins vegar að nýta úrgang úr flokki 3 í örugga notkun eins og í fóður fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til manneldis eða sem áburð, snyrtivörur, lyfjavörur ofl. Við gerð reglugerðar nr. 660/2000 voru höfð til hliðsjónar drög að reglugerð 1774/2002/EB sem þá lágu fyrir innan sambandsins.

3.2 Innlend lög og reglugerðir

Reglugerð nr. 660/2000 um meðferð og nýtingu á sláturúrgangi og dýraúrgangi fjallar um söfnun, flutning, geymslu, meðferð, vinnslu og nýtingu á slátur- og

dýraúrgangi. Reglugerðin nær jafnframt til brennslu og urðunar á slíkum úrgangi. Í reglugerðinni er úrgangur flokkaður í þrjá flokka: Sérlega hættulegan úrgang, hættulegan úrgang og hættulítinn úrgang. Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 kveða á um að hræ dýra, sláturúrgangur og sláturafurðir, sem ekki eru nýttar eða eru óhæfar til manneldis, skuli meðhöndla, geyma, flytja eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra skaðlegra efna. Sama gildir um annan úrgang frá dýrum, Afurðir þessar er enn fremur óheimilt að nota sem dýrafóður nema samkvæmt sérstöku leyfi yfirdýralæknis. Loks ber að nefna sóttvarnarlög nr. 19/1997 en þau fjalla um sjúkdóma sem valdið geta farsóttum og ógnað almannaheill, svo að aðrar alvarlegar næmar sóttir.

Við innleiðingu tilskipana 1993/31/EB um urðun úrgangs og 2000/76/EB um brennslu úrgangs voru sett fyrstu almennu lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Í lögnum segir m.a.: *“Markmið laga þessara er að stuðla að því að meðhöndlun úrgagns valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra. Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma”* Á grundvelli laganna hafa verið settar þrjár reglugerðir. Reglugerðirnar eru nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, nr. 738/2003 um urðun úrgangs og nr. 739/2003 um brennslu úrgangs.

Í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs er fjallað um að Umhverfisstofnun skuli að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og úrvinnslusjóðs, gefa út almenna áætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir landið allt. Áætlunin skal hafa það markmið að draga úr myndun úrgangs, auka endurnotkun og endurnýtingu. Í reglugerðinni eru einnig settar fram meginreglur um meðhöndlun úrgagns og kveðið er á um að draga skuli eins og unnt er úr myndun úrgangs, stefna skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er og beita bestu fáanlegri tækni við meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs gildir um urðun úrgangs og skilyrði fyrir móttöku hans til urðunar. Kröfur sem gerðar eru til starfsleyfisskilyrða, móttöku úrgangs til urðunar, sýnatöku, skráningu, prófana og lokunar urðunarstaðar eru mun ítarlegri en hefur verið, svo og kröfur til urðunar. Flokka skal urðunarstaði í staði fyrir óvirkan úrgang, almennan úrgang og spilliefni. Þá er kveðið á um hvaða úrgang er óheimilt að urða og hvaða úrgangur sætir sérstökum takmörkunum. Urðunarstaður skal vaktaður eftir lokun hans og ber rekstraraðili ábyrgð á vöktuninni, ásamt viðhaldi urðunarstaðarins, greiningu á hauggasi og sigvatni og greiningu á grunnvatni í nágrenni staðarins, að jafnaði í 30 ár eftir

lokun hans. Starfandi urðunarstaðir skulu uppfylla kröfur reglugerðarinnar eigi síðar en 16. júlí 2009 en loka ella.

Reglugerð nr. 739/2003 um brennslu úrgangs gildir um brennslu- og sambrennslustöðvar. Ákvæði hennar hafa einungis í för með sér breytingu vegna nýrra sorpbrennslustöðva en þar er kveðið á um að tryggja skuli að varmaorkan, sem myndast við brennsluferlið, sé endurheimt eftir því sem við verður komið, t.d. til varma- og raforkuvinnslu, gufuframleiðslu eða fjarhitunar.

Af þessu má sjá að miklar breytingar hafa átt sér stað á laga og reglugerða umhverfi á allra síðustu árum. Þessa breytingar eru fyrst og fremst komnar til vegna aðildar Íslands að EES samningnum og því er ljóst að atvinnulífið verður að bregðast við með viðeigandi hætti til að aðlagast sig að nýju umhverfi.

4 Áhættuþættir og sjúkdómar

Í sláturúrgangi og dýrahraejum geta verið ýmiskonar smitefni og má þar nefna príon smitefni, grómyndandi bakteríur og veirur. Auk úrgangs frá sláturhúsum og kjötvinnslum eru ýmsar dýraleifar sem þarf að eyða þ.e sjálf dauð dýr, slösuð dýr og dýrahrae sem falla til vegna sjúkdóma og aldurs. Stundum eru jafnvel skornar niður heilu dýrahjarðirnar t.d. vegna riðu eða salmonellu og er nauðsynlegt að eyða slíkum hraejum á þann hátt að þau geti ekki valdið áframhaldandi smiti.

Á Íslandi eru helstu smitsjúkdómar í búfé riða, garnaveiki og salmonellusýkingar. Príon smitefni valdið heilahrönnunarsjúkdómum eins og riðu og kúariðu. Riða berst ekki í fólk en það getur kúariða aftur á móti gert. Þó sést engin klínískur munur á riðu og kúariðu í sauðfé og því er erfitt að greina á milli þessara sjúkdóma í sauðfé. Skyld er þó að taka fram að kúariða hefur aldrei greinst í sauðfé við náttúrulegar aðstæður. Lönd eru flokkuð í 5 flokka varðandi hættu á kúariðu og hefur Ísland hafnað í 1. flokk, sem er sá flokkur þar sem minnstar líkur eru taldar vera á kúariðu. Vegna þess að Ísland er flokkað í 1. flokk þarf ekki að fjarlægja taugavefi úr sláturúrgangi hér á landi. Fram til þessa hefur flokkunin eingöngu byggst á hættu á kúariðusmiti en ekki er hægt að útiloka að litið verði til TSE sjúkdóma í heild sinni við flokkun slíkra sjúkdóma í framtíðinni.

Þrátt fyrir margvíslegar varúðarráðstafanir er alltaf hættu á að til landsins geti borist alvarlegir smitandi búfjársjúkdómar. Má þar m.a. nefna gin- og klaufaveiki, svínapest, fuglaflensu og í raun fjölmarga aðra sjúkdóma sem of langt er upp að telja. Þessir sjúkdómar myndu valda gríðarlegu tjóni ef þeir kæmu upp hér og mikilvægt að markvisst vinnubrögð séu viðhöfð við útrýmingu þeirra og þar á meðal þarf að liggja fyrir áætlun um rástöfun á hraejum vegna niðurskurðar.

Margir búfjársjúkdómar og sýkingar í dýrum geta einnig valdið alvarlegum sjúkdómum í fólk. Sem dæmi mé nefna fuglaflensu, smitandi berkla, hundaæði, öldusótt, miltisbrand, listeriosis og fjölónæma stofna af salmonellu. Því er samkvæmt sóttvarnarlögum gert ráð fyrir að sérstök samstarfsnefnd sóttvarnarlæknis, yfirdýralæknis og umhverfisstofnunar geti gripið til viðeigandi aðgerða telji sóttvarnarlæknir að ógn stafi að heilsu fólks.

Til þess að forðast útbreiðslu smitsjúkdóma í búfé er landinu skipt upp í 33 varnarhólf og er flutningur sauðfjár bannaður milli hólfa en leyfi þarf til flutnings nautgripa á milli varnarhólfa. Þó er heimilaður flutningur sauðfjár og nautgripa á milli hólfa til slátrunar. Erfiðast er að eyða príon smitefnum og eina örugga leiðin til þess er að brenna slíkan úrgang. Út frá því sjónarmiði gæti verið skynsamlegt að flokka úrgang þannig að úrgangur sem talinn er geta verið hættulegur fengi


meðhöndlun sem eyðir príon smitefnum en annar úrgangur þyrfti hugsanlega vægari meðferð en nægjanlega samt til þess að tryggja rotnun.

Mörg dæmi eru þess að sjúkdómar hafi borist með úrgangi frá skipum og flugvélum á alþjóðaleiðum. Því er talið nauðsynlegt að líta á þennan úrgang sem sérlega hættulegan og tryggja örugga meðferð hans.

5 Starfandi sorpbrennslur, bræðslur og urðunarstaðir

Förgunarstaðir fyrir heimilis- og rekstrarúrgang eru víðsvegar um landið og er oftast um að ræða sorpsamlög sem reka förgunarstaðina eða sveitafélög sem sameinast um rekstur förgunarstaða. Mynd 5-1 sýnir staðsetningu förgunarstaða fyrir heimilis- og rekstrarúrgang á árinu 2003.

Mynd 5-1: Förgunarstaðir 2003



Myndin sýnir almenna urðunarstaði og urðunarstaði þar sem heimilt er að urða sláturúrgang, brennslustöðvar og staði þar sem opin brennsla fer fram. Hringir eru dregnir utanum þau svæði sem sorpsamlög annast eða þar sem um sameiginlega förgun sveitafélaga er að ræða.

Starfandi eru sex sorpbrennslustöðvar á landinu á Suðurnesjum, Ísafirði, Tálknafirði, á Svínafelli í Öræfum, á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum. Auk þess er í undirbúningi að opna sorpbrennslustöð á Patreksfirði en bygging hennar er ekki hafin þó fengist hafi starfsleyfi fyrir stöðina. Tafla 5-1 sýnir helstu upplýsingar um starfandi sorpbrennslustöðvar á Íslandi.

Tafla 5-1: Tæknilegar upplýsingar um starfandi sorpbrennslustöðvar

	Suðurnes	Ísafjörður	Tálknafjörður	Öræfi	Kirkjubæjarkl.	Vestmannaeyjar
Íbúafjöldi á þjónustusv.	20.000	5.500	325	200	500	5.500
Magn (tonn/ári)	12.300	2.400	<180	450	130	<3650
Leyfi fyrir	12.300	5.000	180	500	130	3.650
Brennsluhiti (°C)	850-1100	1.200	850-1000	850-1000	>850	850-1000
Afkastageta (kg/klst)	2.000	550	50-100	30	150	400-500
Útblástursloft (nm ³ /h)	ekki mælt	5.200	630	630	1.400	9.300
Viðverutími gass (sek)	>2	>2	>2	>2	>2	>2
Reykhreinsun	þurrrhreinsun	blauthreinsun	nei	nei	nei	nei
Nýting varma	rafmagn og hiti	húshitun*	fyrirhuguð	húshitun	húshitun	húshitun*
Samfelldar mælingar?	já	hiti, 02	hiti	hiti	hiti	hiti, O ₂ , ryk
Spilliefni?	Já	já**	nei	já*	nei	nei
Sjúkrahúsaúrgangur?	Já	já	nei	nei	já*	já**
Díoxín - ákv. í starfsleyfi?	Já	nei	já	nei	nei	nei
Athugasemdir		24 tímar/dag *1.2 MW **úrgangsolía og sóttmengað	50% lífr. úrg. (jarðgerð). Brennsla 2 daga í viku	ekki lífrænn úrgangur (jarðgerð). *úrgangsolía	brennsla 24 t./dag *litið frá heilsugæslustöð	24 tímar/dag *1,5 MW **200 kg/viku

Heimild: Umhverfisstofnun

Mjög litlu magni sláturúrgangs hefur verið brennt fram að þessu enda er það kostnaðarsamasta aðgerðin við eyðingu úrgangs.

Nefndin skilgreinir bræðslu dýraleifa sem hitameðferð er nái 133°C eða sambærilegu. Aðeins eitt fyrirtæki er starfandi sem kallast getur “bræðsla” en það er fyrirtækið Kjötmjöl hf. sem var stofnað árið 1999. Kjötmjölsverksmiðjan er staðsett í Hraungerðishreppi og hefur hún tekið við sláturúrgangi af Suðurlandi. Stofnkostnaður verksmiðjunnar nam um 133 milljónum kr. en reksturinn var mjög erfiður frá upphafi, þar sem vandamál tengd kúariðu náðu hámarki stuttu eftir að rekstur hófs. Árið 2002 meðhöndlaði fyrirtækið um 5700 tonn af sláturúrgangi, sem var um 35% af öllum sláturúrgangi sem féll til á landinu. Kjötmjöl var notað sem fóður í loðdýrarækt og sem lífrænn áburður en vegna hættu á smiti búfjárjúkdóma var framleiðsla áburðar úr kjötmjöli stöðvuð. Ekki tókst að finna aðrar leiðir til þess að markaðssetja kjötmjöl og því hefur rekstrargrundvöllur kjötmjölsverksmiðjunnar verið mjög erfiður og varð hún gjaldþrota í lok árs 2003. Eigendur verksmiðjunnar sjá helstan þann kost að breyta henni í eyðingarverksmiðju til þess að halda rekstrinum gangandi.

6 Kostnaður vegna eyðingar sláturúrgangs

Nefndin gerði könnun á því meðal sláturleyfishafa hvert magn sláturúrgangs var hjá þeim árið 2003 og hver kostnaðurinn hafi verið við eyðingu hans. Beðið var um sundurliðun á því hver var flutningskostnaður á móttökustað og kostnaður við eyðingu. Nefndin reiknaði þannig út hvert var heildarmagn sláturúrgangs árið 2003 og hver raunkostnaður var við eyðinguna. Tafla 6-1 sýnir niðurstöður könnunarinnar. Nefndin áætlaði magn og/eða kostnað á þá aðila sem ekki svöruðu spurningunum.

Tafla 6-1: Magn sláturúrgangs eftir sláturleyfishöfum og eyðingarkostnaður.

	Magn úrgangs (tonn)	Flutn. kostn	Eyðingarkostn.	Samtals kr./kg	Heildarkostnaður
Borgarnes kjötvörur	149,2	3,5	7,85	11,35	1.693.420
Sláturfélagið Búi	396	1,28	1,32	2,6	1.029.600
Fjallalamb	350	1		1	350.000
Sjörnugrís	720	5,88	9,4	15,28	11.001.600
Sölufélag A-Hún	370	5,41	2,97	8,38	3.100.600
Norðlenska Húsavík	800	1,5	3,2	4,7	3.760.000
Norðlenska Akureyri	1.185	1,5	3,5	5	5.925.000
Kaupfélag V-Hún*	600			6,33	3.800.000
Sláturhúsið Hellu	716,3		5,68	5,68	4.068.584
Íslandsfugl	58,9			7,85	462.000
Móar	1.789		6,72	6,72	12.022.080
Kaupfélag Skagfirðinga*	1.300			1,52	2.500.000
Kf. Króksfjarðarnes*	300			3	900.000
SS Selfoss/Hvolsvöllur	3.900	1,98	6,35	8,33	32.487.000
SS Kirkjubæjarklaustri	500			2,54	1.270.000
Síld og fiskur**	520	2	9,4	11,4	5.928.000
Reykjagarður***	2.100	0,74	6,35	7,1	14.910.000
Ísfugl	398			12,7	5.054.600
B. Jensen ehf.**	400			11,4	4.560.000
Dalalamb ehf.**	70			11,4	798.000
Slf. Vopnfirðinga **	100			11,4	1.140.000
Samtals:	16.722				116.760.484

* Magn áætlað af nefndinni

** Magn og kostnaður áætlað af nefndinni

*** Eyðingarkostnaður áætlaður af nefndinni (gjaldskrá Sorpu og 2 kr/kg í flutningskostnað)

Samkvæmt könnun meðal sláturleyfishafa og áætlun nefndarinnar féllu til um 17.000 tonn af sláturúrgangi árið 2003 og nam heildarkostnaður við eyðingu hans 117 m.kr. Reikna má með að þessi kostnaður sé nokkuð hærri ef tekin yrði með kostnaður við eyðingu beina og afskurðar frá kjötvinnslum. Eins og sjá má í töflunni hér að ofan er kostnaður sláturleyfishafa vegna eyðingar sláturúrgangs mjög misjafn. Ef taka á mark á þessum tölum er vandséð að frágangur úrgangs sé í öllum tilvikum með þeim hætti sem lög og reglur gera ráð fyrir. Mikilvægt er að allir sitji við sama borð, þannig að ekki eigi sér stað mismunun milli fyrirtækja og urðunarstaða.

7 Niðurstöður nefndarinnar

Nefndin bendir á strangari kröfur til urðunarstaða skv. lögum nr. 55/2003 og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs en þær kröfur skulu urðunarstaðir hafa uppfyllt eigi síðar en 16. júlí 2009.

Eyðing dýraleifa er möguleg á þrjá vegu þ.e. háhitabrennsla, bræðsla og urðun. Háhitabrennsla er brennsla við 850-1100°C, bræðsla er hitun í 133°C og urðun er ráðstöfun úrgangs á viðurkenndum urðunarstað með starfsleyfi. Nefndin leggur til að dýraleifar verði flokkaðar í þrjá áhættuflokka og að hver áhættuflokkur fái hitameðferð í samræmi við áhættu.

7.1 Flokkun dýraleifa eftir áhættu

Í fyrsta áhættuflokk fari sérlega hættulegar dýraleifar, í annan áhættuflokk fari hættulegar dýraleifar og í þriðja áhættuflokk fari hættulitlar dýraleifar.

1. Áhættuflokkur

- a) Úrgangur með riðusmitefni, grun um riðu eða annan heilahrörnunarsjúkdóm, einnig dýr sem lógað hefur verið til útrýmingar á riðu, þar með er talið skinn, húðir, blóð og saur úr slíkum dýrum.
- b) Úrgangur úr sauðfé og geitfé sem kemur frá svæði þar sem riða hefur greinst eða grunur hefur leikið á riðu síðastliðin tuttugu ár.
- c) Matarleifar úr flugvélum og skipum á alþjóðaleiðum.

2. Áhættuflokkur

- a) Hræ af búfé sem er sjálfdautt eða hefur verið lógað og ekki ætlað til manneldis, þar með talin dauðfædd dýr og fóstur slíkra dýra.
- b) Hræ og úrgangur frá öðrum dýrum sem yfirdýralæknir telur að meðhöndla skuli sem hættulegan úrgang.
- c) Dýr sem felld eru vegna sóttvarna samkvæmt opinberum fyrirmælum, nema vegna riðu eða annarra heilahrörnunarsjúkdóma sem teljast þá sérlega hættulegar leifar.
- d) Allir hlutar sláturdýra sem dæmast óhæfir til manneldis og eru með merki um alvarlega sjúkdóma sem geta borist í fólk eða dýr.
- e) Sláturafurðir sem hafa spillst og geta verið hættulegar til manneldis.
- f) Sláturafurðir erlendar og innlendar sem hafnað er við innflutningseftirlit.

- g) Dýr sem hafa drepist í flutningi.
- h) Sláturafurðir með aðskotaefni og lyfjaleifar.
- i) Eldisfiskur með einkenni smitsjúkdóma.
- j) Annar hættulegur úrgangur að mati héraðsdýralæknis.

3. Áhættuflokkur

- a) Allir hlutar heilbrigðra sláturdýra, þar með talið blóð og fóstur, en eru ekki ætlaðir til neyslu af viðskiptaástæðum.
- b) Allir hlutar sláturdýra sem dæmast óhæfir til manneldis, en eru ekki með merki um alvarlega sjúkdóma sem borist geta í fólk eða dýr.
- c) Klaufir, horn, svínaburstir og fiður af heilbrigðum dýrum sem slátrað er í sláturhúsi.
- d) Matarleifar og matarúrgangur, þar með talin bein og annar úrgangur frá kjötvinnslum.
- e) Annar hættulítill úrgangur að mati héraðsdýralæknis.

7.2 Ráðstöfun dýraleifa eftir áhættuflokkum

Dýraleifum í hverjum flokki má ráðstafa með einhverri af þeim aðferðum sem tilgreindar eru fyrir hvern flokk. Hér um að ræða lágmarks meðhöndlun í hverjum áhættuflokk.

1. áhættuflokkur (sérlega hættulegar dýraleifar)

- 1. Dýraleifar undir lið 1.a og lið 1.c skulu fara í háhitabrennslu
- 2. Dýraleifar undir lið 1.b skulu fara í bræðslu og afurðir úr bræðslu í urðun*

2. áhættuflokkur (hættulegar dýraleifar)

- 1. Bræðsla og rotgasframleiðsla eða moltugerð úr afurðum úr bræðslu*
- 2. Bræðsla og urðun á afurðum úr bræðslu*

3. áhættuflokkur (hættulítar dýraleifar)

- 1. Bræðsla og urðun á afurðum úr bræðslu*
- 2. Framleiðsla á gæludýrafóðri og loðdýrafóðri
- 3. Rotgasframleiðsla eða moltugerð

* Gefa þarf aðlögun til að uppfylla þessa ráðstöfun þar sem eingöngu ein bræðslustöð er starfandi í landinu.

Ef blandað er saman sérlega hættulegum, hættulegum og hættulitlum dýraleifum flokkast þær sem sérlega hættulegar leifar.

Ef dýraleifar eru flokkaðar má nota hættulitlar dýraleifar í gæludýrafóður og loðdýrafóður.

Í loðdýrafóður mega fara allar hættulitlar dýraleifar nema úr sauðfé af riðusvæðum samkvæmt nánari reglum sem landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og munu þær tillögur m.a. taka mið af viðræðum embættisins við samband íslenskra loðdýrabænda um nýtingu sláturúrgangs í loðdýrafóður.

Nefndin telur að innan 15 ára beri að hætta urðun á sláturúrgangi. Með því móti fá dýraleifar meðhöndlun í samræmi við áhættu og þannig má takmarka verulega hættu á dreifingu smitsjúkdóma. Auk þess er umfang lífræns úrgangs takmarkað með formeðhöndlun og betri rotnun dýraleifanna tryggð.

Samkvæmt könnun sem nefndin gerði meðal sláturleyfishafa, sjá kafla 6, er magn sláturúrgangs sem fellur til á landinu öllu um 17.000 tonn/ári. Starfandi kjötmjölswerksmiðja getur annað um 7.000 tonnum/ári, miðað við óbreyttan tækjakost. Nefndin telur óhjákvæmilegt að byggja þurfi aðra sambærilega verksmiðju, sem staðsett væri á norðurlandi til að anna því magni dýraleifa sem falla til árlega.

Ef upp kemur bráðsmitandi sjúkdómur eins og Gin- og klaufaveiki þarf að vera unnt að urða úrgang sem næst bæ sem skorið er niður á.

8 Tillögur nefndarinnar

8.1 Flokkun dýraleifa

Nefndin leggur til við landbúnaðarráðherra að dýraleifar verði flokkaðar í þrjá flokka eftir áhættu, eins og að framan greinir í kafla 7.1. Með þessu móti telur nefndin að takmaka megir verulega hættu á dreifingu smitsjúkdóma í búfé. Lagt er til að reglugerð nr. 660/2000 verði breytt til samræmis við það.

8.2 Ráðstöfun dýraleifa

Nefndin leggur til við landbúnaðarráðherra að dýraleifum hvers áhættuflokks verði ráðstafað eins og greinir í kafla 7.2 og að þær verði urðaðar á viðurkenndum urðunarstað. Lagt er til að reglugerð nr. 660/2000 verði breytt til samræmis við tillögu um ráðstöfun dýraleifa og að þar verði gefin nauðsynlegur aðlögunartími.

Nefndin leggur jafnframt til að stefnt skuli að því að frá og með árinu 2020 verði allar dýraleifar formeðhöndlaðar áður en urðun á sér stað.

8.3 Uppbygging bræðslustöðva

Lagt er til að umhverfissráðherra verði falið að finna lausn varðandi byggingu brennslu og bræðslustöðva fyrir sláturúrgang, í samstarfi við landbúnaðarráðherra og sveitafélög.

8.4 Neyðaráætlun um urðun vegna niðurskurðar búfjár

Lagt er til að umhverfissráðherra og landbúnaðarráðherra láti gera áætlun um mögulega urðunarstaði vegna urðunar á hjörðum sem skornar yrðu niður vegna bráðsmitandi búfjársmitsjúkdóma og að þeirri vinnu verði lokið fyrir næstu áramót.

8.5 Endurnýting og endurnotkun

Nefndin leggur til að umhverfissráðherra og landbúnaðarráðherra leiti leiða til að minnka umfang sláturúrgangs, til að mynda með framleiðslu gæludýrafóðurs, loðdýrafóðurs og moltugerð.